

## AUGLÝSING

### um stöðvun veiða á makríl sem meðafla í færeyskri lögsögu samkvæmt tvíhliða samningi milli Færeyja og Íslands.

1. gr.

Frá og með 26. júní 2013 er óheimilt að veiða makríl sem meðafla við veiðar á norsk-íslenskri síld í færeyskri lögsögu.

2. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stöð í reglugerð nr. 1232/2012 um stjórn veiða íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum árið 2013, með síðari breytingum og reglugerð nr. 327/2013, um stjórn makrílveiða íslenskra skipa árið 2013, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 24. júní 2013.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Arnór Snæbjörnsson.**

*Guðný Steina Pétursdóttir.*